

Varðandi hugmyndir um að skilyrða greiðslur til niðurgreiðslu lána og/eða vörsluaðili gefi út skuldabréf vegna innlausna

Álitamál við fyrirframgreiðslu séreignarsparnaðar snúast einkum um tvennt. Hvort hægt sé að selja eignir sjóðanna og að gæta þarf jafnræðis meðal sjóðfélaga. Jafnræðis er ekki gætt ef ákvörðun eins (eða fleiri) sjóðfélaga hefur áhrif á stöðu annara sjóðfélaga.

Seljanleiki á innlendum verðbréfum er lítill og ef ríkisskuldabréf verða seld til þess að mæta fyrirframgreiðslum breytist eignasafn sjóðanna og ekki verður hægt að gæta jafnræðis meðal sjóðfélaga.

Hugmyndir minnihluta efnahags- og skattanefndar gera ráð fyrir því að markaðsáhætta eigna flytjist frá séreignasjóðum til kröfuhafa og ríkissjóðs. Við það vakna mörg álitaefni t.d. varðandi eignarétt og áhættustýringu íbúðarlánasjóðs og annarra lánastofnana. Ekki þyrfti að selja eignir og því myndi jafnræðis meðal sjóðfélaga vera gætt.

Niðurgreiðsla lána

Við sölu verðbréfa er líklegt að verð þeirra lækki. Salan verður væntanlega að miklu leyti sala ríkisskuldabréfa. Með því að skilyrða útgreiðslu til niðurgreiðslu veðlana þá væri það til bóta miðað við að leyfa frjálsan ráðstöfunarrétt yfir útgreiðslu því a.m.k. hluti útgreiðslunnar færi til niðurgreiðslu sjóðfélagalána og íbúðarsjóðslána. Sá hluti sem færi til niðurgreiðslu sjóðfélagalána myndi minnka sölupörf vegna innlausna og sá hluti sem færi til greiðslu lána frá íbúðarlánasjóði myndi líklega leiða til minna framboðs íbúðarlánasjóðsbréfa og þar af minni verðlækkunar þeirra vegna fyrirframgreiðslanna. Skilyrði um niðurgreiðslu lána myndi ekki auka líkur á að jafnræðis yrði gætt meðal sjóðfélaga og ef ætlunin væri að hækka fjárhæðarmörk útgreiðslu er líklegt að það myndi leiða til enn meira ójafnræðis meðal sjóðfélaga. Skilyrði um niðurgreiðslu veðlana yrði engu að síður til bóta a.m.k. fyrir þann hluta sem færi til greiðslu íbúðarlánasjóðslána og sjóðfélagalána.

Séreignasjóðir taki lán fyrir útgreiðslum

Ef selja þarf verðbréf til þess að mæta fyrirframgreiðslum þá breytist eignasafn sjóðanna. Fjárfestingar séreignarsjóðanna bera markaðsáhættu, mismikla eftir fjárfestingarleiðum. Markaðsáhætta breytist ekki þrátt fyrir að séreignasjóðir taki lán fyrir fyrirframgreiðslum. Ef hluti sjóðanna er greiddur út án sölu verðbréfa þá munu fleiri sjóðfélagar bera meiri markaðsáhættu sem þýðir að áhætta fjárfestinga mun aukast. Eina leiðin til þess að markaðsáhætta minnki er að fjárfestingar séu seldar eða gefin út skuldabréf sem eru nákvæmlega eins og fjárfestingarnar. Lántaka myndi því í raun breyta séreignarsjóðunum í vogunarsjóði, þar sem hluti fjárfestinga væri fjármagnaður með lántökum og sveiflur í ávöxtun myndu aukast. Lántaka myndi minnka söluprýsting á fjárfestingum en jafnræðis meðal sjóðfélaga yrði ekki gætt.